

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis

Ársskýrsla 2021



September 2022

Anton Helgason, heilbrigðisfulltrúi

Efnisyfirlit	
Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2021	3
Kostnaður við heilbrigðiseftirlit	6
Eftirlitsferðir 2021	8
Hollustuhættir.....	9
Mengunar og umhverfiseftirlit.....	11
Matvælaeftirlit.....	13
Lokaorð	16

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2021

Starfsskýrslan er kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlits en jafnframt samantekt um starfið á árinu. Starfsskýrslan er send á rafrænu formi til sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Einnig verður skýrslan aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins www.hevf.is

Stjórnsýsluleg staða

Stjórnsýslulega er heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er eitt af 9 heilbrigðiseftirlitssvæðum sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi. Að Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða standa 9 sveitarfélög. Heilbrigðiseftirlit er rekið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. en þar segir m.a. „*Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits*“ og „*Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði*“. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða er kosin á Fjórðungspingi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis nær yfir Vestfjarðakjálkann, skorinn frá um botn Gilsfjarðar og þvert yfir í Bitruna á Ströndum.

Íbúafjöldi og svæðisskiptingu landsins má sjá hér að neðan og á heimasíðu samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, www.shi.is. Íbúafjöldi á svæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 1. janúar 2022 var 7.205 íbúar og hafði fjölgað um 97 íbúa frá fyrra ári.

Tafla 1. Íbúafjöldi á starfssvæðinu.

Íbúar sveitarfélaga 1. janúar 2022	
Ísafjarðarbær	3840
Vesturbyggð	1131
Bolungarvík	956
Strandabyggð	424
Reykholahreppur	233
Tálknafjarðahreppur	255
Súðavíkurreppur	215
Kaldrananeshreppur	109
Árneshreppur	42

Skipulag heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga



Heilbrigðisnefnd

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd eru kosnir til fjögurra ára í senn eftir sveitastjórnakosningar. Í heilbrigðisnefnd eiga sæti fimm fulltrúar, kosnir á Fjórðungspingi eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvor til viðbótar í nefndina. Heilbrigðisnefnd var kosin á 3. haustþingi Fjórðungsambands Vestfirðinga sem haldið var 5. - 6. október 2018 á Ísafirði. Ein breyting var á heilbrigðisnefnd á árinu er Eva Dögg Jóhannesdóttir flutti af svæðinu og María Ósk Óskarsdóttir varamaður hennar tók við sem aðalmaður.

Heilbrigðisnefnd	Varamenn
Jón Reynir Sigurvinsson, formaður	Hjalti Karlsson
Kristján G. Jóakimsson	Hildur Halldórsdóttir
Sólrún Geirsdóttir	Hildur Elísabet Pétursdóttir
Jón Hörður Elíasson	Ingibjörg Kristjánsdóttir
María Ósk Óskarsdóttir	
<hr/>	
<i>Fulltrúi atvinnurekenda</i>	
Einar Valur Kristjánsson	Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Kjósa þarf Heilbrigðisnefnd á Fjórðungspingi 8. -10. september 2022 á Patreksfirði. Við val í heilbrigðisnefnd hefur verið litið til fagþekkingar og reynslu nefndarmanna og þess að nefndarmenn endurspegli svæðið.

Fundur heilbrigðisnefndar 2021

Heilbrigðisnefnd fundaði 5 sinnum á árinu 2021. Helstu mál á fundum heilbrigðisnefndar voru:

- 25. febrúar var fjallað um ársreikning 2020 og heilbrigðisfulltrúa falið að endurskoða gjaldskrá.
- 28. maí lögð fram ný gjaldskrá og kynnt. Ársreikningur leiðréttur.
- 26. ágúst Samþykkt gjaldskrá lögð fram. Kvartanir vegna raka og mygluskemmda. Heilbrigðiseftirlit skoðar húsnæði sjónrænt, skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Ef vart verður við leka, þarf að stöðva hann og fjarlægja rakaskemmt efni. Opna þarf glugga og lofta út. Ekki eru tekin sýni þar sem ekki eru til staðlar til að miða við.
- 21. október var lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 ásamt fjárhagsáætlun fyrir verkefnið Hreinir Vestfirðir. Átaksverkefni þar sem áhersla er lögð á hreinsun lóða og lendna. Verkefnið á sér fyrirmynd frá Suðurlandi og Suðurnesjum. Kostnaður er greiddur af sveitarfélögum eftir íbúafjölda.
- 8. desember var fjallað um afgreiðslur sveitastjórna á fjárhagsáætlun. Lagt til að verkefnið hreinir Vestfirðir verði kynnt betur og tekin afstaða til þess 2023.

Tafla 2. Afgreiðslur heilbrigðisnefndar eftir árum

Afgreiðslur heilbrigðisnefndar eftir árum	2021	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014
Fjöldi funda	5	5	6	5	5	6	5	4
Starfsleyfi	56	66	47	36	55	63	47	37
Tímbundin starfsleyfi	6	3	3	3	1	3	3	4
Brennuleyfi	19	8	19	27	21	25	25	20
Tóbakssölualeyfi	9	7	5	3	13	9	3	3
Undanþágur vegna sölu á tóbaki	14	6	1	13	8	8	5	18
Umsagnir um tækifærisleyfi	13	16	35	41	36	29	33	39
Umsagnir um rekstrarleyfi	23	35	24	36	30	64		
Umsagnir um skipulagsmál	16	30	24	29	29	20	30	13
Áminningar	1	4	24	8	9		4	23

Heilbrigðisfulltrúar, í umboði heilbrigðisnefnda, hafa það starf að framfylgja ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli ásamt öllum reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heilbrigðisfulltrúar sinna öllu daglegu heilbrigðiseftirliti á svæðum nefndanna, afgreiða mál og umsagnir í umboði þeirra með fyrirvara um samþykki nefndarinnar. Milli funda er unnið í samráði við formann heilbrigðisnefndar.

Hlutverk

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Tilgangur matvælalaga er að tryggja sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlitið vinnur í almannáþágu að því m.a. að tryggja heilnæmi umhverfis og öryggi matvæla. Þetta er gert með reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum og í samvinnu við stjórnvöld og íbúa.

Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða starfar á vegum Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995 ásamt þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt lögnum, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Eftirlitinu er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir rekstri embættisins og ber að gæta hagkvæmni í rekstri þess og tryggja að kostnaður sé innan fjárheimilda. Heilbrigðiseftirlit sinnir fyrst og fremst reglubundnu eftirliti við að framfylgja sértækum lögum og reglugerðum á sviði heilbrigðis-, matvæla- og umhverfismála. Það veitir starfsleyfi til fyrirtækja sem starfa á þessu sviði, sinnir kvörtunum og annast umhverfisvöktun. Aðaláhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf, eftirlitsferðir, fræðslu og samráð við aðra eftirlitsaðila og fyrirtæki. Í meginráttum skiptist eftirlitið í þrjá flokka, þ.e. almennt heilbrigðiseftirlit, mengunareftirlit og matvælaeftirlit.

Megnið af starfseminni felst í reglubundnu eftirliti þar sem fyrirtæki eru heimsótt og gerðar eru athugasemdir við það sem ekki er í lagi. Athugasemdum eða kröfum um úrbætur er komið á framfæri við viðkomandi aðila í viðtölum og eftirlitsskýrslur eru sendar með tölvupósti úr eftirlitskerfi. Ef ítrekuðum kröfum er ekki sinnt á viðunandi hátt er málið lagt fyrir heilbrigðisnefnd til meðferðar og heilbrigðisfulltrúi sér síðan um að úrskurði nefndarinnar sé framfylgt. Þannig eru mál einstakra fyrirtækja ekki tekin fyrir í heilbrigðisnefnd nema um sé að ræða vafaatriði eða ef eftirlitsþoli sinnir ekki úrbótum.

Tveir starfsmenn starfa hjá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða í fullu starfi. Anton Helgason framkvæmdastjóri og Hlynur Reynisson staðgengill framkvæmdastjóra. Báðir eru með líffræði menntun og hafa auk þess réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar.

Kostnaður við heilbrigðiseftirlit


Tekjur sveitarfélaga vegna eftirlitsgjalda eru ekki skattstofn heldur þjónustugjald og því er óheimilt að taka hærra gjald en sem nemur eðlilegum og nauðsynlegum kostnaði við viðkomandi þjónustu. Einungis má innheimta eftirlitsgjöld fari eftirlit fram. Þess ber að geta að tíðni eftirlits er mjög mismunandi eftir fyrirtækjaflokkum. Þannig er töluvert af fyrirtækjum sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Í gjaldskrá eftirlitsins er gert ráð fyrir árlegu eftirlitsgjaldi og er kostnaði við hverja heimsókn deilt niður á fjögur ár hjá þeim sem fá eftirlit á fjögurra ára fresti. Á það skalt bent að fyrirtæki og stofnanir eru ekki jafnt dreifð á sveitarfélögin. Þjónustugjöldin eru því fyrst dregin frá heildarkostnaði áður en kostnaðinum er skipt á sveitarfélögin. Fámenn sveitarfélög, þar sem þjónusta við ferðamenn er mikil s.s. sundlaugar og hótél sem þurfa mikið eftirlit, eru því með hátt gjald í gjaldskrá, og þar er því hlutfallslegur heildarkostnaður meiri á hvern íbúa.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða ársreikningur 2021

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða fjallaði um og samþykkti þann 25. febrúar 2021 endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2021. Heildar rekstrarkostnaður var kr. 46.535.261 af því eru laun og launatengd gjöld 80%.



Kostnaður við eftirlitið er greiddur með eftirlitsgjöldum, þjónustutekjum, leyfisgjöldum og framlögum sveitarfélaga. Eftirlitsgjöld árið 2021 voru kr 30.729.955. Leyfisgjöld stóðu undir 4% af rekstrarkostnaði.



558 fyrirtæki voru með starfsleyfi á Vestfjörðum á árinu 2021

227 eftirlitsferðir voru skráðar í fyrirtæki sem eftirlit er haft með vegna matvæla, hollustuhátta og mengunar. 96 ferðir voru farnar vegna eftirlits með vatnsveitum.

Fyrirtæki fá oft matvælaeftirlit, hollustuháttaeftirlit og umhverfiseftirlit í sömu ferð. Til dæmis við eftirlit í hótél sem ekki er í þéttbýli, þá er matvælaeftirlit með vatnsból og veitingasölu, hollustuháttaeftirlit með veitingasal, gistihverbergjum og starfsmannaáðstöðu og umhverfiseftirlit með rotpró og meðhöndlun úrgangs.

Niðurstöður sýnatöku

Til að kanna örverufræðilegt ástand matvæla tekur heilbrigðiseftirlitið sýni af neysluvörum og neysluvatni. Tíðni sýnatöku af neysluvatni er bundin í reglugerð. Þannig er mánaðarlega tekið vatnssýni á Ísafirði og í Bolungarvík. Hjá vatnsveitum annarra þéttbýlisstaða eru tekin sýni ársfjórðungslega en hjá einkavatnsveitum er miðað við eitt vatnssýni á ári. Sýni af matvælum og vatni eru tekin til að kanna ástand þeirrar vöru sem er á boðstólum. Sýni eru send til bakteríuræktunar hjá rannsóknarstofu Matís ohf. Við ræktun er vanalega verið að rækta fram vísibakteríur, þ.e. kólí og saurkólí, en tilvist þeirra gefur til kynna óþrifnað eða mengun af sauruppruna. Ef þessar bakteríur finnast er talið að líkur séu á að aðrar og hættulegri sjúkdómsvaldandi bakteríur geti verið til staðar. Sýnin eru metin eftir ákveðnum stöðlum sem eru mismunandi eftir vörutegundum.

1. Tafla 3 niðurstöður sýnatöku 2021

Niðurstöður sýnatöku 2021				
	Fjöldi sýna	Stenst	Stenst ekki	
Neysluvatn	96	78	18	skv. reglugerð 536/2001
Heildarefnagreining á neysluvatni	5	5		skv. reglugerð 536/2001
Baðvatn	10	8	2	Skv. reglugerð 814/2010 eða 460/2015
Fiskvinnslur Ís	2			skv. reglugerð 536/2001
Sigvatn	6			Ekki metið

Á árinu 2021 voru tekin 119 sýni, af þeim voru 20 sem ekki stóðust kröfur. Tekið var sigvatnssýni frá tveimur urðunarstöðum. Tekin voru 96 sýni af neysluvatni.

Gæði neysluvatns er ekki einkamál vatnsveitna. Neytandinn skal upplýstur um gæði vatnsins svo hann geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort hann neyti vatnsins eða noti það yfirleitt. Þar sem ekki er tekið tillit til endurtekinnar sýnatöku, eru tölur því ekki í samræmi við fjölda sýnatökustaða. Á þeim stöðum sem ekki stóðust kröfur í dreifbýli hefur verið brugðist við. Ágætis fræðslufni er til um litlar vatnsveitur á vef Matvælastofnunar. Þar er að finna fræðslufni um frágang vatnsbóla í dreifbýli. Í stað þess að bæta vatnsbólin hafa því miður

frekar verið sett upp geislunartæki í þeim tilgangi að ná fram auknum gæðum og til að ná fram þessum sömu markmiðum. Perur í geislunartækjum endast í takmarkaðan tíma, tækin eru bilanagjörn og það þarf að vera kveikt á þeim svo þau virki. Vatnsveitur eru mikilvægustu matvælafyrirtæki hvers byggðarlags og undirstaða þess að hægt sé að starfrækja önnur matvælafyrirtæki. Vatnsveitur eru eftirlits- og starfsleyfisskyldar og ef þær þjóna fleirum en 50 íbúum eða 20 heimilum/sumarbústöðum eða matvælafyrirtækjum þurfa þær að uppfylla reglugerð um neysluvatn sem byggir á Evróputilskipun um gæði. Vatnsveitan er ábyrg fyrir heilnæmi neystuvatns. Handklæði á opinberum stöðum er hættuleg smitleið og er því alltaf gerð athugasemd ef slíkt sést. Bent er á að hægt er að nota handklúta sem þvo má eftir hverja notkun ef fólki er illa við bréfpurrkur af einhverjum ástæðum.

Hollustuhættir

Eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum er samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Þeir staðir sem flokkast undir almennt heilbrigðiseftirlit eru t.d. baðstaðir, íþróttahús, skólar og leikskólar, gististaðir, hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, nudd- og snyrtistofur og íbúðarhúsnæði. Árlega standa Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum og í ár var lögð áhersla á að skoða aðbúnað á tjaldsvæðum.

Umhverfisstofnun heldur utan um samvinnu vettvang milli stofnunarinnar og heilbrigðiseftirlitssvæða í vinnuhópi um hollustuhætti. Fundað er einu sinni í mánuði.

Raki og mygla

Heilbrigðiseftirlitið fær allnokkrar fyrirspurnir varðandi raka og myglu í íbúðarhúsnæði og má eflaust rekja það til mikillar umræðu í þjóðfélaginu. Við bendum fólki á að þar sem finnst sveppur þarf að lagfæra leka, þurrka raka og auka loftun t.d. með því að opna glugga. Síðan bendum við á að raka og myglu þarf að þrifa með sápu. Ef um skemmdir vegna raka er að ræða þarf að skipta út skemmdu efni, þrifa upp með sveppadrepanði efni og mála síðan yfir. Það þarf að fara varlega í upphafi við þrif, þ.e. væta mygluna í byrjun þannig að minna fjúki upp í loftið af gróum og henda tuskum að notkun lokinni. Þurrka þarf síðan ryk af öllu í íbúðinni eftir að búið er að hreinsa út. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru ágætar leiðbeiningar um raka og myglu.

Sund og baðstaðir

Kröfur til sund og baðstaða fara eftir tveimur reglugerðum annarsvegar reglugerð nr. 814/2010 um sund og baðstaði og reglugerð um baðstaði í náttúrunni nr 460/2015.

Í reglugerðum er tekið á þeim þáttum sem snúa að öryggi gesta, það er gæslu, búnaði og síðast en ekki síst heilnæmi baðvatns. Aldrei má gleyma því ábyrgðarhlutverki sem felst í laugargæslu, en skv. reglugerðinni þurfa t.a.m. ávallt að vera 2 starfsmenn á vakt en hægt er

að sækja um undanþágu frá því ákvæði ef meðal gestafjöldi er undir 10 á ársgrundvelli á því tímabili sem um ræðir, komi 20 gestir í laug með undanþágu frá laugargæslu þarf að kalla til auka mann. Þjálfun starfsfólks skiptir gríðarlegu máli og hafa miklar framfarir orðið meðal rekstraraðila sundlauga þegar kemur að þjálfun og hafa langflestar laugar á svæðinu sent alla sína starfsmenn í hæfnispróf. Annað mikilvægt atriði við rekstur sundlauga er heilnæmi baðvatns, en með aukinni aðsókn eykst álag á hreinsivirki sundlauga. Því er mikilvægt að klórstyrkur baðvatns sé mældur 2svar á dag að lágmarki og styrkur hans sé ávallt á því bili sem kveðið er á um í reglugerðinni. Sjúkdómar, þar á meðal mjög alvarlegir, geta borist með baðvatni en þeir algengustu eru sýkingar í slímhimnum (augum, eyrum, hálsi og nefi), sárum og rispum á húð. Ein laug er flokkuð sem náttúruleg í 1. flokki en aðrar laugar og pollar eru í 3. flokki þar sem ekki er gert ráð fyrir rekstri né eftirliti. Náttúrulegar eru ekki klórblandaðar og því ekki hægt að tryggja öryggi og heilnæmi baðvatnsins.

Reglugerð nr. 460/2015 tekur á baðstöðum í náttúrunni. Markmið hennar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Til að laug flokkist sem náttúruleg þarf laugin og bakki hennar að vera mynduð frá náttúrunnar hendi. Náttúrulegar flokkast í 3 flokka og eru 2 fyrstu þeir staðir þar sem rekstur er annaðhvort reglubundinn eða tilfallandi. Þeir flokkar eru starfsleyfisskyldir hjá okkur. Til að gæta öryggis á þeim stöðum þarf að liggja fyrir neyðaráætlun, viðbragðsáætlun, öryggisbúnaður og þjálfun starfsfólks. Taka skal 10 sýni á ári úr laug í flokki 1 en 2 sýni á ári úr laug í flokki 2. Mörk saurkólí baktería eru töluvert rýmri en miðað hefur verið við í reglugerð um fráveitur og skólp. Aftur á móti má ekki vera til staðar *p.aeruginosa* baktería en sú baktería er tiltölulega algeng í þeim sýnum sem við höfum verið að taka. Heilbrigðisnefnd getur heimilað eða fyrirskipað sótthreinsun, til að draga úr gróðurmyndun og fyrirskipað sótthreinsun á vatni hafi gerlafjöldi mælst endurtekið yfir hámarksgildum.

Sé rekstur náttúrulegs baðstaðar framseldur frá ábyrgðaraðila, s.s. frá landeiganda til ferðaþjónustuaðila, skal fylgja starfsleyfisumsókn samningur sem kveður á um ábyrgð hvors aðila um sig gagnvart rekstrinum og ákvæðum sem um hann gilda í reglugerðum og starfsleyfi. Rekstraraðili náttúrulegra baðstaða í 1. og 2. flokki skal bera kostnað af sýnatöku og uppsetningu sérstakra merkinga. Þegar sýrustig er utan viðmiðunargildis skal heilbrigðisnefnd sérstaklega huga að efnainnihaldi vatnsins með tilliti til öryggis baðgesta. Sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir eina náttúrulega, Laugarhól.

Mengunar og umhverfiseftirlit

Hreinsun á lóðum og lendum -númerslausir bílar og lóðahreinsanir

Undanfarin 30 ár hefur heilbrigðiseftirlitið límt á bifreiðar að ósk einstakra sveitarfélaga og reikningur sendur viðkomandi sveitarfélagi og sveitarfélag síðan séð um framkvæmd. Að fresti liðnum tekur eftiritið stjórnvaldsákvörðun um að fjarlægja viðkomandi bifreið. Framkvæmdin þ.e. að fjarlægja bifreið og geyma í tilskilinn tíma hefur verið framseld til sveitarfélaga. **Oft hefur eftirfylgni ekki verið sinnt.** Eftir nýja úrskurði hefur verkferill vegna númerslausra ökutækja verið lengdur umtalsvert. Þar sem um er að ræða vörslusviftingu þá þarf að vanda stjórnslu þessara verkefna. Á síðustu árum hefur þetta verklag fengið athugasemdir í gegnum úrskurðarnefnd og umboðsmann Alþingis. Stjórnsluferillinn við þessi verkefni hefur því lengst töluvert og utanumhald aukist. **Tvö svæði hafa farið þá leið að ráða sér fulltrúa sem sinnir eingöngu umhverfiseftirliti, lóðahreinsunum og númerslausum bifreiðum.**

Gert er ráð fyrir að verkefnið Hreindir Vestfirðir sé kostað af sveitarfélögum. Annar kostnaður td. flutningur á bílhæum eða hreinsanir á lóðum er gert ráð fyrir að eigendur borgi. Þar sem um lóðahreinsanir er að ræða er lögveðsréttur í viðkomandi lóð eða fasteign, varðandi númerslausar bifreiðar þá er á Suðurnesjum sendur reikningur á síðasta skráða eiganda fyrir kostnaði við geymslu og fjarlægingu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er með skráðan verkferil varðandi númerslausar bifreiðar og lóðahreinsanir sem staðist hefur álit úrskurðarnefndar. Eigendur sem sinna ekki álímingum eru látnir greiða kostnað við að fjarlægja hlut eða bifreið.

Verkferill varðandi lóðahreinsanir er enn lengri og krefst bréfaskrifta og mikils utanumhalds. Lagaheimildir til handa heilbrigðiseftirliti eru fyrir hendi fyrir lóðahreinsunum og fjarlægingu á númerslausum bifreiðum. Þessi verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru heimildarákvæði meðan önnur verkefni eru lögbundin og njóta því forgangs.

Heilbrigðiseftirlitið með núverandi mannskap hefur ekki tíma til umráða til að sinna þessum verkefnum til viðbótar öðrum verkum. Tvö heilbrigðiseftirlitssvæði hafa farið af stað með sérverkefni varðandi númerslauar bifreiðar og lóðahreinsanir, þ.e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, þar sem heilbrigðiseftirlitin hafa ráðið inn starfsmann í þetta verkefni. Hægt er að nálgast kynningarefni frá þessum svæðum á heimasíðum þeirra.

Starfsleyfi vegna fráveitu

Mikilvægt er að fráveitur sveitarfélaga séu með formleg starfsleyfi, en ef þau geta ekki uppfyllt kröfur í reglugerðum þá þarf að sækja um undanþágur hjá ráðuneyti. Heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun á skólpi frá þéttbýli. Frá Umhverfisstofnun hefur sú túlkun fengist að starfsleyfi skuli gefa út þótt fráveitan hafi ekki uppfyllt kröfur fráveitureglugerðar um hreinsun fráveituvatns. Túlkun Umhverfisstofnunar á 8. tl. í reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem hefur í för með sér mengun, er að „það feli í sér að allar fráveitur frá þéttbýli séu háðar starfsleyfi þótt ekki sé búið að setja dælu- og hreinsibúnað við útrásir, sbr. orðalagið: Skólphreinsistöðvar, útrásardælustöðvar og fráveitur.“ (Bréf frá UST dags 19.6.2013). Ísafjarðarbær hefur starfsleyfi fyrir fráveitur sveitarfélagsins skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 789/1999



Eftirlit með neysluvatni er umfangsmesta matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Á skrá eru 10 vatnsveitur fyrir 20 – 3.000 íbúa og 22 einkavatnsveitur. Þessu til viðbótar eru fjölmargir þjónustuaðilar til sveita þar sem boðið er upp á vatn t.d. gisting, ferðamanna-staðir, tjaldstæði ofl. Heilbrigðiseftirlitið hefur fylgst með eins og kostur er, að neysluvatn sé í lagi eða að lágmarki að gestir séu varaðir við með auglýsingu sem Heilbrigðiseftirlitið krefst að sé hengd upp þar sem neysluvatn hefur ekki staðist kröfur.



Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða fékk ábendingu um að ólöglegt litarefni í salti Viðarkol væru notuð til að fá fram lit í vöru framleiddri á svæðinu. Sett var sölustöðvun á saltið, en viðarkol eru ekki á lista EU um leyfileg litarefni í salti. Eftir andmæli frá framleiðanda þar sem fram kom að kolin væru notuð til að hafa áhrif á bragð saltsins og væri heimild til slíks (seasonings and condiments). Fallist var á rök framleiðanda og sölustöðvun afturkölluð.

Um eftirlit með matvælum fer samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Matvælaeftirlit felst í eftirliti með framleiðslu, dreifingu og sölu á matvælum til að tryggja heilnæm og ómengduð matvæli. Þannig skal staðið að framleiðslu og dreifingu matvæla að þau valdi ekki heilsutjóni og að ekki sé beitt blekkingum í viðskiptum með þau. Vakin er athygli á að neysluvatn flokkast sem matvæli og þarf því að lúta sömu lögumálum. Matvælaölggjöf Evrópusambandsins hefur nú verið innleidd. Reglugerð EB nr.

178/2002, oft nefnd hin almennu matvælalög EB, myndar þann grunn sem hin nýja matvælalöggjöf Evrópusambandsins byggir á. Markmið reglugerðarinnar er að vernda líf og heilsu manna og tryggja jafnframt frjálst flæði vöru á EES svæðinu. Sömu reglur gilda um hollustuhætti óháð því hvort um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Hagsmunir neytenda eru settir í öndvegi og munu reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim mun verða mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er dregin skýrt fram. Frá Matvælastofnun berast tilkynningar um matvörur sem ekki standast kröfur og fundist hafa á markaði. Er þá tilkynnt um sölustöðvun eða innköllun matvæla.



Stór innköllun var á belgísku súkkulaði vegna salmonellumengunar. Matvæli sem ekki voru í samræmi við tilskilin ákvæði. (frávik).



Samantekt 2021 hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

- Á árinu 2021 voru tekin 119 sýni, af þeim voru 20 sem ekki stóðust kröfur.
- Neysluvatn þéttbýlisstaða á að vera 100% í lagi, annað er ekki samþykkt hvorki af íbúum né samfélaginu. Því þarf að skerpa á innra eftirliti vatnsveitna og læra af þeim tilvikum sem upp koma.
- Neysluvatn í dreifbýli þ.e. ferðapjónusta og kúabú. Skoða þarf hvort vatnsból séu vel lokuð þannig að smit frá yfirborðsvatni berist ekki í vatnsból. Eins þarf að huga vel að því hvort nægjanlegt neysluvatn sé til staðar.
- Baðstaðir í náttúrunni eru allmargir á okkar svæði en erfitt hefur verið að flokka þá eftir náttúrulega reglugerðinni, en nýlega bættist við nýr liður, svokallaðar afþreyingarlaugar sem mögulega einfalda þá flokkun.
- Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur það að markmiði að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í ómenguðu umhverfi og matvælum. Heilbrigðiseftirlit þjónar almenningi og umhverfi.
- Hreinir Vestfirðir umhverfisátak fékk ekki framgang við síðustu fjárlagagerð.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða þakkar gott samstarf við sveitarfélögin, fyrirtæki og almenning og horfir björtum augum fram á veginn og til þeirra verkefna sem bíða okkar á komandi árum.

Bolungarvík í september 2022



Anton Helgason
Framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða



Hlynur Reynisson
Staðgengill frkv.stjóra
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða